

AUGLÝSING

um skrá Bláskógabyggðar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starf:

Sveitarstjóri
Skrifstofustjóri
Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar
Leikskólastjóri
Leikskólastjóri
Deildarstjóri
Forstöðumaður/matr.
Skólastjóri
Aðstoðarskólastjóri
Veitustjóri

Starfsstöð:

Skrifstofu Aratungu
Skrifstofu Aratungu
Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar
Lind, Laugarvatni
Álfaborg, Reykholti
Íþróttamiðstöð Reykholti
Félagsheimilinu Aratungu
Grunnskóla Bláskógabyggðar, Reykholti
Grunnskóla Bláskógabyggðar, Laugarvatni
Þjónustumiðstöð Bláskógabyggðar

Skrá þessi tekur þegar gildi.

F.h. Bláskógabyggðar, 31. janúar 2005.

Ragnar Sær Ragnarsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um eingreiðslu örorkubóta til slysatriygðra einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.

2. gr.

Orkutap.

Ef orkutap er minna en 50% er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri hlutaðeigandi um tiltekið árabil samkvæmt reglugerð þessari.

Örorkubætur greiðast ekki ef orkutapið er metið minna en 10%. Hafi hinn slasaði hlotið örorku vegna tveggja eða fleiri slysa sem bótaskyld eru samkvæmt slysatriyggingum almannatrygginga er heimilt að greiða bætur ef samhlöðug örorka vegna slysanna er 10% eða meiri. Sé samhlöðug örorka 50% eða meiri greiðist örorkulífeyrir samkvæmt ákvæðum 1.-4. mgr. 29. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum.